

Gátlisti til hliðsjónar við gerð og yfirferð öryggisáætlana

	Skot- og stangveiði	Já	Nei	Á ekki við
<u>1</u>	<u>Áhættumat</u>			
1.1	Er áhættumat sértækt og í samræmi við viðkomandi svæði?			
1.2	Tekur áhættumat mið af mismunandi ferðamáta á staðinn ef við á s.s. bátur, bíll, ganga o.s.frv.?			
1.3	Tekur áhættumat mið af ólíkum svæðum sem farið er um (strönd, fjallendi, mýrlendi o.fl.) og þáttum eins og þverun straumvatna, bröttum hlíðum, giljum, lausagrjóti, skriðum, stórbýfi og öðrum eðlilegum þáttum í náttúru Íslands?			
1.4	Tekur áhættumat mið af mismunandi árstíðum, dægursveiflu (jökulár, flóð/fjara) og veðri?			
1.5	Tekur áhættumat mið af fjarlægð í bjargir og tíma sem tekur að fá utanaðkomandi aðstoð?			
1.6	Er í áhættumati tekið mið af lögum um sóttvarnir vegna hugsanlegrar notkunar þátttakenda á eigin búnaði.			
1.7	Er í áhættumati tekið mið af mismunandi getu þátttakenda?			
1.8	Tekur áhættumat mið af sóttvörnum?			
<u>2</u>	<u>Verklagsreglur</u>			
	Undirbúningur ferðar og upplýsingagjöf			
2.1	Er í verklagsreglum tekið fram hvert hæfi þátttakenda þarf að vera t.d. aldur, líkamlegt atgervi og fleira?			
2.2	Taka verklagsreglur á því að allir þátttakendur leggi fram viðeigandi skírteini og leyfi ef við á?			
2.3	Kemur fram í verklagsreglum hvernig þátttakendur eru upplýstir um hæfi og réttindi til þátttöku?			
2.4	Kemur fram í verklagsreglum hvernig þátttakendur eru upplýstir um persónulegan búnað vegna ferðarinnar?			
2.5	Kveða verklagsreglur á um prófun búnaðar í eigu þátttakenda áður en hann er notaður á vettvangi (reynsluskot)?			
2.6	Er í verklagsreglum vísað til laga og reglugerða varðandi leyfileg tæki til veiða svo og sóttreinsunar á þeim og annan viðbúnað vegna sóttvarna?			
2.7	Er í verklagsreglum tekið á notkun viðeigandi hjálpartækja og búnaðar til forvarna (eyrnatappar, skærlit vesti eða höfuðbúnaður, hlífðargleraugu, bjögunarvesti o.s.frv. eftir því hvaða veiðar og veiðitæki um ræðir)?			
2.8	Er í verklagsreglum fjallað um við hvaða aðstæður skal fresta eða fella niður ferð?			
2.9	Er gátlisti í verklagsreglum sem kveður á um atriði sem huga þarf sérstaklega að við undirbúning ferðar? (veðurspá, snjóalög, sjólag, mat fyrri ferðalanga o.þ.h.)			
2.10	Kemur fram í verklagsreglum hvaða svæði eru ófær eða of hættuleg við ákveðnar aðstæður og þá hvaða aðstæður?			
2.11	Er í verklagsreglum fjallað um hjáleidir/plan B og hvort og þá hvernig leiðsögumenn geta breytt leið/áætlun krefjist öryggi þátttakenda þess?			
2.12	Eru viðmið um fjölda þátttakenda á hvern leiðsögumann í verklagsreglum? (Taka þarf mið af sérstökum aðstæðum svo sem árstíma, veðri og getu þátttakenda.)			
	Hæfniskröfur starfsmanna			

2.13	Eru kröfur um reynslu, menntun og kunnáttu leiðsögumanna skýrar í verklagsreglum? (Þar með talin viðeigandi leiðsögn eftir tegund dýra, skotvopnaleyfi, færni í notkun nauðsynlegs tækjabúnaðar s.s. fjarskiptatækja, tjalda eða annarra skýla, færni í að meta veður og aðrar aðstæður, færni í leit og björgun og að bjarga sjálfum sér o.fl.).			
2.14	Eru kröfur til annarra starfsmanna í ferðinni skýrar í verklagsreglum?			
2.15	Eru kröfur um menntun í samræmi við viðeigandi lög og reglugerðir?			
2.16	Eru kröfur um þekkingu í fyrstu hjálp skýrar?			
2.17	Kemur fram í verklagsreglum hvernig þekkingu og færni starfsmanna í fyrstu hjálp er viðhaldið?			
	Ferðin sjálf			
2.18	Er gátlisti í verklagsreglum um hagnýt atriði sem fara þarf yfir með þátttakendum við upphaf ferðar? (salernisúrræði, nestistíma, aðgengi að drykkjaföngum, varhugaverða staði, séríslenskar aðstæður o.s.frv.)			
2.19	Er gátlisti í verklagsreglum um hvernig ber að upplýsa þátttakendur um ábyrga hegðun þeirra í ferðinni (hvað ber að varast, hvað er æskilegt)?			
2.20	Eru leiðbeiningar í verklagsreglum um samskipti leiðsögumanna við þátttakendur og eftirlit þeirra með líðan og velferð þátttakenda?			
2.21	Er í verklagsreglum farið yfir hvernig þátttakendum er leiðbeint um notkun farartækja ef við á (fjór hjól, bátar, bílar, snjósléðar o.fl.)?			
	Búnaður o. fl.			
2.22	Er gátlisti vegna búnaðar leiðsögumanna í verklagsreglum?			
2.23	Er gátlisti vegna neyðarbúnaðar og annars sameiginlegs búnaðar í verklagsreglum?*			
2.24	Kemur fram í verklagsreglum hvernig þátttakendur eru upplýstir um neyðarbúnað í ferð og hvernig þeim er kennt að nota hann ef á þarf að halda?			
2.25	Taka verklagsreglur á viðhaldi og yfirferð búnaðar með tilliti til öryggis?			
2.26	Kveða verklagsreglur á um hvernig leiðsögumönnum og öðrum starfsmönnum er kynnt öryggisáætlun og því fylgt eftir að starfað sé í samræmi við hana?			
2.27	Er í verklagsreglum hugað að sóttvörnum?			
<u>3</u>	<u>Viðbragðsáætlanir</u>			
3.1	Eru til viðbragðsáætlanir vegna mismunandi atvika svo sem slysa, veikinda, náttúruvára?			
3.2	Eru viðbragðsáætlanir á hentugu formi svo leiðsögumaður geti auðveldlega tekið þær með?			
3.3	Er skýrar línur um verksvið leiðsögumanns í viðbragðsáætlunum, ábyrgð hans og heimildir til ákvarðana og upplýsingagjafar?			
3.4	Er verkaskipting og hlutverk allra starfsmanna í viðbragðsáætlunum skýr?			
3.5	Er skýrt í viðbragðsáætlunum hvenær ber að kalla til aðstoð? Betra að kalla oftast og afturkall frekar ef ekki reynist þörf.			
3.6	Eru viðbragðsáætlanir miðaðar við fjarlægð í bjargir og ólík svæði?			
3.7	Kemur fram í viðbragðsáætlunum hvernig má koma björgun á staðinn, þyrlu, bíl, mannskap?			
3.8	Kemur fram í viðbragðsáætlunum hvernig huga á að velferð annarra þátttakenda beri eitthvað út af?			
<u>4</u>	<u>Atvikaskýrsla</u>			
4.1	Fylgir atvikaskýrsla öryggisáætlunum?			
4.2	Er skýrt í verklagsreglum að ávallt beri að fylla út atvikaskýrslu ef um er að ræða atvik/slys eða næstum slys.			

	Er í öryggisáætlunum kveðið á um reglulega endurskoðun hennar?			

*Öryggisbúnaður ætti t.d. að vera sjúkrabúnaður, fjarskiptabúnaður, GPS tæki, áttaviti, kort, björgunarvesti, hringur, lína, hjartastuðtæki o.s.frv. Fer eftir leiðarvali.

Annað:

- Eru leiðbeiningar í verklagsreglum sem tryggja að umgengni um náttúruna og umhverfið sé í samræmi við gæðaviðmið Vakans?
- Gátlisti þessi er ekki tæmandi, æskilegt er að hafa hliðsjón af gæðaviðmiðum Vakans nr. 214 *Skotveiði* og 226 *Stangveiði*.